

Matuyama-segultímabilsins fyrir um 2,4 milljón-um ára, eftir að dyngjuhraun og móberg höfðu lagst yfir eldfjallið að miklu leyti. Í þessari hrinu runnu bæði andesit- og líparíthraun og auk þess lítillfjörlegt ignímbrítlag, sem sést best í Giljatungum vestan við Reyðarfell. Þar eru reyndar upptökin og situr líparítið í Reyðarfelli sem bergstandur í gosrásinni. Annarri og þriðju goshrinunni fylgdi mikið innskotsberg og markar útbreiðsla þess miðsvæði eldstöðvarinnar. Í fyrra tilfallinu var um að ræða fremur óreglulega basaltganga, sem auðvelt er að skoða í Selgili eða Bæjargili ofan við Húsafell, en í því síðara einkum líparítanga og -bergstanda, sem mest ber á vestast í Húsafellsfjallinu, og sjást t. d. við Hraunfossa og í Deildargili. Samfara innskotunum er mikil ummyndun, sem sýnir, að háhitasvæði hefur verið virkt í eldstöðinni um það leyti sem líparítgoshrinurnar gengu yfir.

Fyrsta jökulbergsins verður vart neðst í berglögum frá Mammút-segulskeiði, sem byrjaði fyrir 3,1 og lauk fyrir 3,0 milljónum ára. Fram af þessu jökulbergi fellur Giljafoss í Reykjadalá. Ofar í staflanum finnast alls 7 jökulbergslög, sem koma með nokkurn veginn jöfnu millibili,

það efsta um það bil er gosvirkni í eldstöðinni lauk. Lætur nærri að jökulskeið hafi komið einu sinni á hverjum 100,000 árum frá því ísöld hófst fyrir 3,1 milljón ára. Fimm af þessum jökulbergslögum eru tengd móbergsmyndunum, sem sumar eru æði fyrirferðarmiklar, t. d. móbergið neðst í Bæjargili, Selgili og vestast í Tungu (alls staðar grænt af ummyndun), en það er allt frá sama tíma. Sama máli gegnir um móbergið í Hrossatungum, sem er nokkru yngra. Upphleðsluhraði jarðlagasyrpuunnar allt Gauss-segultímabilið, sem spannar 890.000 ár, hefur verið að meðaltali rétt rúmir 100 m á hverjum 100.000 árum, sem svarar til að eitt hraun, 8 m þykkt, hafi runnið á 7500 ára fresti. Þar sem mörg jökulbergslaganna sýna tengsl við einungis óverulegar og stundum engar móbergsmýndanir, þ. e. samtíma gos í jökli, er líklegt, að þau hafi varað fremur stutt, varla lengur en 10.000 ár eða svo. Mislægt á jarðlögum Húsafells-eldstöðvarinnar hvílir 200–300 m þykk syrpa af móbergi og hraunum, sem reyndist samkvæmt aldursgreiningunum vera frá Gilsár-segulskeiði (1,79–1,61 milljón ára). Dalarofið virðist samkvæmt því hafa gerst á síðustu ár-milljóninni.

## Breskir unglingleiðangrar kanna jökla á Tröllaskaga

Um allmörg undanfarin ár hefur breskur félagsskapur, Young Explorers Trust, skipulagt leiðangra unglinga með útivistar- og könnunar-áhuga til norðlægra landsvæða, svo sem Svalbarða, Norður-Noregs, Grænlands og Íslands. Hérlandis hafa verkefni þessara leiðangra aðallega verið mælingar á jöklum og nærsvæðum þeirra.

Yfirumsjón með leiðöngrunum hingað hefur E. A. ("Tony") Escritt. Hann hefur stjórnað mælingum unglingleiðangra (Brathay Exploration Group) á jöklum í Austur-Skaftafellssýslu og birt grein um Falljökul og kort af þeim jökli í 22. árg. Jökuls. Árið 1972 var ákveðið, að frumkvæði hans og í samráði við íslenska framámennt í jöklarannsóknunum, að beina breskum unglingleiðöngrunum, um nokkur næstu ár a. m.

k., á svæðið milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Á þessu hálandasta blágrýtissvæði landsins, sem Helgi Pjeturss nefndi Tröllaskaga, er fjöldi skálarjökla og lítilla daljökla. Hafa margir þeirra aldrei verið kannaðir og aðeins einn þeirra, Gljúfurárjökull, hefur verið ítarlega rannsakaður. Þótti því ástæða til að beina unglingleiðöngrunum þangað. Enda þótt þetta séu fyrst og fremst æfingaleiðangrar til að venja unglingana við útivist og ekki megi vænta mikils af rannsóknum þeirra, geta þeir þó gert ýmsar þær athuganir og mælingar, sem að gagni mega koma í framkvæmd þess verkefnis, sem hér er nú orðið mjög aðkallandi, að setja saman jöklaatlas í stíl við þá, sem gerðir hafa verið í Skandinavíu og víðar.

S. Þ.